

Fundur í Foreldrafélagi Naustaskóla

11. janúar 2018

Mættar: Ingibjörg, Ína, Katý, Marta, Helga, Silla og Elísa

1: Skólaráðsfundur (næsti fundur er 17. janúar)

Ingibjörg er búin að boða forföll á fundinn og Bryndís skólastjóri óskaði eftir því að hún sendi staðgengil. Katý getur mætt í hennar stað.

2: Árgangaskipting.

Liggur fyrir að það eigi að ræða árgangaskiptinguna í skólanum á næsta skólaráðsfundi og þá samkenndu árganga. Í okkar hópi er mjög misjöfn upplifun af því hvort árgangablöndunin virkar eða ekki.

3: Fundur Samtaka.

Elísa ætlar að mæta á næsta fund og Silla er tilbúin að fara með henni.

4: Foreldrarölt á vegum Naustaskóla.

- 3 foreldrar höfðu samband þegar var auglýst eftir aðillum til að sjá um skipulagningu foreldrarölsins.
- Það þarf að koma á tengilið við þessa skipuleggjendur og hjálpa þeim að komast af stað, sýna þeim hvar efnið sem er tilbúið er o.s.frv.
- Það þarf að senda út tilkynningu til að virkja fleiri í skipulagsnefnd.

Ingibjörg sendir póst á þá sem höfðu samband út af röltinu með upplýsingum um það sem er til nú þegar til að koma skipulagningu af stað.

5: Staðan á innkaupum sem skólinn óskaði eftir.

Silla ætlar að sjá um að klára það dæmi. Hún er nú þegar búin að tékka á verðum í ABC-skólavörum og ætlar að athuga verð í fleiri heildsölum og á Aliexpress.

6: Bekkjarkvöld - staðan.

Mjög dræm þátttaka og ekki búið að halda bekkjarkvöld í öllum árgöngum.

Upp kom hugmynd um að senda könnun á foreldra til að athuga áhugan á að halda bekkjarkvöldunum áfram og þá með hvaða hætti.

7: Staðan á peningamálunum.

Farið stuttlega yfir stöðuna á reikningnum okkar, hversu margir eiga eftir að borga gjaldið og hvað er búin að borga á haustönninni. Einnig rætt um hvað eigi að gera fyrir þessa peninga á skólaárinu.

- Ína er á því að við eigum að fá skemmtikraft, tónleika eða leiksýningu og spurning hvort það sé hægt að hafa eitthvað tvennt, annað miðað að yngri hóp skólans og annað sem væri fyrir eldri nemendur.
- Hugmyndabanki kominn á facebook-síðuna um hvað væri hægt gera.

8: Óánægjuraddir með stjórn skólans.

Kom ábending frá einu foreldri í 5. Bekk og einu foreldri í 4. Bekk um að kennarar væru ekki ánægðir með stjórnunarhætti skólans og að kennarar fengju ekki nægilegan stuðning í erfiðum málum frá stjórnendum.

Það er skoðun stjórnar foreldrafélagsins að foreldrar eigi að fara með svona mál beint til stjórnenda og ræða þau á þeim vettvangi þegar ekki er um stóran hóp foreldra að ræða. Ef einstaklingar treysta sér ekki til að ræða beint við stjórnendur skólans þarf að fara beint til fræðslustjóra sem er hæstráðandi í skólamálum bæjarins.

Fundarritari: Ína